

Fimmtudaginn 17. febrúar 1949.

Nr. 2/1949.

**Alþýðusamband Íslands f. h.
Verkalýðsfélags Borgarness**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Kaupfélagi Borgfirðinga

(Magnús Thorlacius hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson
í stað Ísleifs Árnasonar.

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings
um forgangsrétt bifreiðarstjóra.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 13. f. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Borgarness gegn Kaupfélagi Borgfirðinga.

Málavextir eru þessir:

Stefndi, sem rekur bifreiðastöð í Borgarnesi, hefur sérleyfi til fólksflutninga á leiðinni Borgarnes-Hvítársíða og annast jafnframt mjólkur- og vöruflutninga fyrir bændur í Hvítársíðuhreppi. Ferðum á leið þessari hefur að jafnaði verið svo háttáð, að bifreiðar leggja upp að morgni frá Borgarnesi og koma þangað aftur samdægurs. Samkvæmt 7. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 22. marz f.á., er stefnda „aðeins heimilt að taka til vinnu bifreiðarstjóra, sem eru meðlimir Verkalýðsfélags Borgarness.“ Jafnframt segir svo í grein þessari, að „geti félagið ekki fullnægt eftirspurn eftir bifreiðarstjórum skal sækja um leyfi til stjórnar bifreiðastjóradeildar félagsins um að taka aðra menn.“ Í samræmi við þetta ákvæði hafa bifreiðarstjórar þeir, sem unnu á stöð stefnda, verið félagsmenn í verklýðsfélaginu, og þá einnig bifreiðarstjóri sá, sem ekið hefur á nefndri leið.

Þann 22. október s.l. gerði stefndi samning við Sigurð Jóhannesson bifreiðarstjóra, sem búsettur er að Laugarmel í Hvítársíðu, þar sem hann leigir Sigurði vöru- og fólksbifreiðina M 14 til aksturs á leiðinni Borgarnes-Hvítársíða á tíma-

bilinu 1. nóv. 1948 til 1. apríl 1949 fyrir 50 króna dagleigu hvern dag, sem bifreiðin er í notkun. Samkvæmt samningi þessum skal Sigurður annast allt daglegt viðhald bifreiðarinnar, greiða allar brennsluoliur og skila henni aftur með jafngóðum hjólbörðum. Þá er um það samið, að Sigurður taki að sér mjólkur- og vöruflutninga þá, sem stefndi hafði samið um við bændur í Hvítársíðuhreppi, og jafnframt tekur Sigurður að sér að annast fólksflutninga stefnda á sérleyfisleið þessari. Var það með samþykki póststjórnarinnar, en á ábyrgð stefnda, sem þrátt fyrir þetta var hinn raunverulegi sérleyfissafi.

Sigurður hóf ferðir sínar 1. nóv. f. á., og sökum þess, að hann var búsettur upp í Hvítársíðu lagði hann af stað þaðan að morgni og kom heim að kvöldi. Sigurður er ekki félagsmaður í verklyðsfélagi Borgarness, og þegar fyrirsvarsmönnum þess varð kunnugt um leigumála hans og stefnda mót-mæltu þeir þessari ráðstöfun stefnda sem broti á 7. gr. nefnds kjarasamnings. Hann sinnti ekki umkvörtun þeirra og fór málið þá fyrir sáttanefnd samkvæmt 10. gr. sama samnings og afgreiddi hún málið frá sér 9. nóv. f. á. Niðurstaða hennar leiddi þó ekki til sátta milli aðilja og höfðaði stefnandi síðan mál þetta svo sem að framan greinir. Eru dómkröfur hans þær, að dæmt verði, að stefndi hafi með áðurgreindri „ráðningu“ Sigurðar Jóhannessonar bifreiðarstjóra brotið 7. gr. nefnds kjarasamnings frá 22. marz 1948 og honum því verið óheimilt að ráða nefndan bifreiðarstjóra í þjónustu sína á þann hátt, sem gert var. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi telur, að með leigusamningi stefnda og Sigurðar sé aðeins verið að fara í kring um forgangsréttarákvæði 7. gr. kjarasamningsins frá 22. marz f. á. Umrædd sérleyfisleið sé ennþá í raun og veru starfrækt af stefnda, og sé Sigurður í reyndinni í þjónustu hans, enda hafi stefndi sagt félagsmanni í verkalyðsfélaginu upp starfi frá sama tíma og Sigurður tók við akstri bifreiðarinnar M 14. Hafi stefndi þannig brotið forgangsréttarákvæði 7. gr. oft nefnds samnings.

Stefndi hefur mótmælt málsútlitun stefnanda. Telur hann samning sinn og Sigurðar í alla staði eðlilegan og gildan leigusamning. Gjöld öll fyrir flutninga þá, sem Sigurður annast, gangi beint til hans (Sigurðar) og geti það ekki skipt máli, þótt stefndi sé ábyrgur fyrir sérleyfisleið þessari gagnvart póstmálastjórninni. Þá kveður stefndi það vera samkvæmt eindregnum óskum bænda í Hvítársíðu, að ferðir hefjist þaðan að morgni, en reynsla undanfarinna ára hafi leitt í ljós, að bifreiðarstjórar búsettir í Borgarnesi vilji ekki sinna þessum akstri með því fyrirkomulagi. Hafi hann af þeim sökum talið tilgangslaust að leita til bifreiðarstjóra úr verklyðsfélaginu um þennan akstur, er hann breytti um burtfararstað á s.l. hausti. Stefndi mótmælir og að hafa sagt bifreiðarstjóra upp starfi vegna leigumálans við Sigurð.

Telja verður, að stefnda hafi verið heimilt að taka upp það fyrirkomulag, að bifreið sú, sem annast vöru-, mjólkur- og fólksflutninga úr Hvítársíðu færi þaðan að morgni. Hins vegar þykir verða að fallast á það, þegar málavextir allir eru athugaðir, að þrátt fyrir framangreindan leigumála stefnda og Sigurðar um bifreiðina M 14, sé Sigurður í raun og veru í þjonustu stefnda. Verður að telja, að stefnda hefði borið að ganga úr skugga um það við fyrirsvarsmenn verklyðsfélagsins, áður en hann gerði samninginn við Sigurð, hvort völ var á félagsmanni til þess að aka framangreinda leið með því fyrirkomulagi, að ferðir hæfust að morgni úr Hvítársíðu. Þar sem stefndi gætti þessa ekki voru framangreindar ráðstafanir hans andstæðar 7. gr. framangreinds kjarasamnings.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Það var andstætt 7. gr. framangreinds kjarasamnings milli stefnda, Kaupfélags Borgfirðinga, og stefnanda, Verklyðsfélags Borgarness, að stefndi gerði framangreindan samning við Sigurð Jóhannesson, án þess að hafa áður leitað til stefnanda um bifreiðarstjóra til aksturs á leiðinni Borgarnes—Hvítársíða.

Málskostnaður fellur niður.